

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 12. ágúst 2025
202507-0087/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 Katanesvegur Grundartanga L133194

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 16. júlí sl. vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, þar sem fyrirhugað er að breyta athafnasvæði AT5 við Grundartanga í nýtt iðnaðarsvæði, m.a. með það að markmiði að heimila uppbyggingu landeldisstöðvar fyrir lax.

Samkvæmt skipulagslýsingunni verður hluti svæðisins (lóð nr. 34, 15,3 ha) nýtt undir fiskeldi með allt að 28.000 tonna árlega framleiðslu og hámarkslífmassa upp á 18.000 tonn. Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og fellur undir lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarstofnun veitti umsögn um matsáætlun verkefnisins með bréfi dags. 17. febrúar 2025¹ Í umsögninni voru settar fram ítarlegar ábendingar um þau atriði sem nauðsynlegt er að leggja mat á í umhverfismati, m.a. varðandi áhrif á votlendi, fuglalíf, vistgerðir, náttúruminjasrá og samverkandi áhrif með annarri starfsemi á Grundartanga.

Umfjöllun í þessari umsögn um skipulagslýsingu byggir að hluta á fyrri athugasemdum stofnunarinnar, en endurmetur jafnframt atriði í ljósi þess að nú liggja fyrir áform um skipulagsbreytingu fyrir stærra svæði og mögulega fjölbreyttari starfsemi til framtíðar.

Friðaðar plöntur

Friðaðar plöntur falla undir umhverfisþáttinn gróður og vistkerfi, og viðeigandi umhverfisviðmið eru ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, einkum 57. gr. um réttaráhrif friðunar, og auglýsing nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna.²

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins og nágrennis þess geta vaxið friðaðar tegundir plantna sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt framangreindri löggjöf. Samkvæmt 57. gr. laga um náttúruvernd er öllum skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðuð tegund er til staðar. Þá er sérstaklega

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat%20%3a1%20umhverfis%3a1hrifum%20-%20Mats%3a1%3a6tlun%20-%20Landeldi%20%3ad%20Hvalfir%3ab0i%2017.%20febr%3baar%202025.pdf>

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%3b6ntufri%3b0un.pdf>

lögð áhersla á að vernda búsvæði friðaðra tegunda og stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

Stofnunin leggur áherslu á að fyrir frekari ákvarðanatöku verði lagt mat á hvort friðaðar tegundir kunni að vaxa innan eða við framkvæmdasvæðið. Þarf í því skyni að framkvæma úttekt eða skráningu á tegundum á svæðinu og meta mögulega röskun búsvæða þeirra. Slík greining þarf að liggja fyrir við mótun aðalskipulags og deiliskipulags og vera hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.

Vistgerðir og mikilvægt fuglasvæði

Vistgerðir og fuglalíf falla undir umhverfispáttinn gróður og vistkerfi, með viðeigandi umhverfisviðmið í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um skyldu til að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra ásamt verndun vistfræðilegra ferla og búsvæða lífvera. Þá ber einnig að taka mið af lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru á svæðinu vistgerðir á borð við snarrótarvist (L9.4), stinnastaravist (L9.1), grasengjavist (L9.5) og língresis- og vingulsvist (L9.6). Samkvæmt fyrri umsögn stofnunarinnar getur einnig verið um að ræða starungsmýravist, sem hefur mjög hátt verndargildi og fellur undir vistgerðir sem þarfnast verndar samkvæmt Bernarsamningnum (2014). Slíkar vistgerðir geta verið kjörlendi fyrir fugla á borð við spóa (*Numenius phaeopus*), lóupræl (*Calidris alpina*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og hrossagauk (*Gallinago gallinago*).

Svæðið er við Hvalfjörð, sem samkvæmt náttúruminjaskrá er fjölbreytt og lífríkt vistkerfi með mikilvægu fuglalífi. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um vöktun íslenskra fuglastofna (2012) kemur fram að Ísland beri sérstaka ábyrgð á stofnum m.a. spóa og lóupræls, þar sem stór hluti Evrópustofna þessara tegunda heldur til hér á varptíma. Tölur frá Suðvesturlandi benda til marktækrar fækkunar tegunda sem nýta slík svæði til varps, m.a. heiðlóu, stelks og þúfuttíllings, sem ýtir undir mikilvægi þess að vernda búsvæði þeirra. Vaðfuglategundir almennt eiga undir högg að sækja og hafa margar verið færðar um flokka frá 2018 í nýútgefnum 2025 válista fugla frá Náttúrufræðistofnun.³

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við áframhaldandi skipulagsvinnu og umhverfismat verði:

- kortlagt og metið hversu stór hluti vistgerða og varpbúsvæða fyrir fugla fari undir framkvæmd,
- lagt mat á truflun og fælingaráhrif (þ.m.t. jaðaráhrif) framkvæmdarinnar á fugla,
- framkvæmd talning á fuglategundum svæðisins,
- og gerð grein fyrir mótægisaðgerðum til verndar vistgerðum og fuglalífi.

Tjarnir og votlendi

³ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

Votlendi og tjarnir á skipulagssvæðinu falla undir umhverfisþáttinn vatnshlot og vistkerfi, og viðeigandi umhverfisviðmið eru ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. njóta votlendi ≥ 2 ha, tjarnir, stöðuvötn og strandsvæði sérstakrar verndar. Í 3. mgr. ákvæðisins segir að forðast skuli röskun þessara náttúrufyrirbæra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Innan eða við skipulagssvæðið eru Katanestjörn, Hólmavatn og votlendi sem samkvæmt gögnum frá Náttúrufræðistofnun og kortasjám kunna að falla undir sérstakra vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Í skipulagslýsingunni kemur einnig fram að svæðið sé að hluta framræst og gegnum það liggi skurðir, sem getur bent til þess að áður raskað votlendi eigi þar upphaflega landfræðilega útbreiðslu.

Náttúruverndarstofnun ítrekar að:

- þörf er á að meta stærð, gerð og verndargildi votlendis og tjarna á og við svæðið,
- greina skal hvort fyrirhugaðar framkvæmdir feli í sér röskun á náttúrufyrirbærum sem falla undir 61. gr.,
- í matsskýrslu og skipulagsgögnum þarf að rökstyðja hvort nauðsyn beri til röskunar, gera grein fyrir valkostum og mótvægisáðgerðum, og uppfylla rökstuðnings- og valkostaskyldu samkvæmt 5. mgr. 61. gr.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjaskrá og hverfisvernd

Svæðið sem fyrirhuguð skipulagsbreyting nær til liggur í nágrenni **Hvalfjarðarstrandar**, svæðis nr. 235 á náttúruminjaskrá (C-hluti), og nær til lands sem samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032 er skilgreint sem hverfisverndarsvæðið **HV4 – frá Miðsandi að Katanesi**.

Í skráningu náttúruminjaskrár segir um Hvalfjarðarströnd:

„Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“

Í aðalskipulagi kemur fram að svæðið eigi sér mikið náttúrugildi, og að hluti þess sé einnig strandsvæði ST4, þar sem sérstaklega skuli gæta að ásynd og náttúrufari. Í töflu 26 í aðalskipulagi kemur fram að heimilt sé að leggja göngu-, reið- og hjólastíg meðfram strandlengjunni, sem undirstrikar mikilvægi svæðisins fyrir útivist og náttúruupplifun.

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á að svæðið sem hér um ræðir er ekki á c-hluta heldur fellur það undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá. Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að:

- áhrif skipulagsbreytingar á Hvalfjarðarströnd og hverfisverndarsvæðið HV4 verði metin sérstaklega,
- í umhverfismati verði fjallað ítarlega um möguleg áhrif fráveitu og mannvirkja á ásynd, fuglalíf og náttúru strandarinnar,
- og gætt verði að sjónrænum áhrifum á strandlengjuna, með hliðsjón af vægi hennar sem hluta af náttúruminjaskrá og útivistarsvæði.

Fráveita og úrgangur

Fráveita og meðhöndlun úrgangs fellur undir umhverfisþáttinn vatnshlot, með viðeigandi umhverfisviðmið í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í umhverfismati skal sérstaklega gera grein fyrir áhrifum á viðkvæma viðtaka, vistkerfi og lífríki í sjó og votlendi, sem og áhrifum á fuglalíf.

Í skipulagslýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir útrás fráveitu til sjávar vegna fiskeldisstöðvarinnar, en ekki liggja fyrir nákvæm gögn um staðsetningu, framkvæmd, frágang eða áhrif útrásarinnar. Þá er ekki fjallað um meðhöndlun úrgangsefna frá rekstri, svo sem fiskimýkju, seyru eða hugsanlega notkun lífræns úrgangs sem áburðar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að í næstu stigum skipulags- og matsferlis verði:

- gerð grein fyrir staðsetningu, dýpi og tæknilegri útfærslu fráveitu, og hvort hún snerti eða hafi áhrif á verndarsvæði (t.d. náttúruminjaskrá),
- metin áhrif fráveitu á lífríki strandar

- fjallað sérstaklega um möguleg áhrif úrgangs og næringarefna á fæðukeðju og búsvæði fugla, sérstaklega þar sem um er að ræða mikilvægt fuglasvæði,
- metið hvort fráveita eða úrgangur kunni að laða að hræætur eða alætur á borð við máf, sem geta haft áhrif á varpfugla og vistkerfi í heild.

Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegri dreifingu úrgangs (t.d. sem áburðar) utan iðnaðarsvæðisins og meta áhrif slíkrar starfsemi á lífríki, vatn og jarðveg þar sem henni yrði beitt.

Samlegðaráhrif og álag

Samlegðaráhrif og núverandi álag falla undir marga umhverfisþætti í skipulagslýsingunni, einkum gróður og vistkerfi, vatnshlot, fuglalíf og heilsa og öryggi, með viðeigandi viðmið í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og lögum um umhverfismat nr. 111/2021. Þá skal einnig tekið mið af stefnu aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar, þar sem segir að stuðla skuli að vernd lífríkis og sjálfbærri nýtingu auðlinda innan sveitarfélagsins.

Á Grundartanga er fyrir umfangsmikil starfsemi, þar á meðal álver, járnblendiverksmiðja, endurvinnsla á algjalli, og samkvæmt upplýsingum í skipulagslýsingu er staðbundið álag nú þegar skráð á vatnshlot Hvalfjarðar vegna losunar frá iðnaði. Fyrirhuguð skipulagsbreyting bætir við þessa mynd með nýrri starfsemi sem felur í sér háa vatnsnotkun, fráveitu í sjó og hugsanlega aukið rask á vistkerfum og búsvæðum fugla og votlendis.

Náttúruverndarstofnun ítrekar fyrri ábendingar um að núverandi og uppsafnað álag á lífríki og vistkerfi verði tekið til sérstakrar skoðunar í umhverfismati. Í því samhengi þarf að:

- meta hvort svæðið þoli frekara álag án þess að rýra vistfræðilegt gildi þess,
- greina samverkandi áhrif fiskeldisstöðvar við aðra starfsemi á Grundartanga, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma,
- og leggja mat á áhrif á viðkvæma viðtaka eins og tjarnir, grunnsævi, fuglalíf og votlendi.

Slík heildstæð greining er nauðsynleg til að leggja mat á raunveruleg áhrif skipulagsbreytingarinnar og hvort frekari starfsemi á svæðinu leiði til umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur